

Gjaldskrá fyrir leikskólann

1.gr.

Gjaldskrá þessi er sett sbr. heimild í 1. mgr. 27.gr.laga nr. 90/2008 um leikskóla.

2. gr.

Vistunargjöld við leikskólann eru greidd miðað við fjölda tíma sem óskað er eftir vistun fyrir barn í hverri viku.

Grunngjald fyrir 20 tíma vistun á viku eru 12.700 kr. á mánuði, eða 635 kr/klst.

Gjaldið fer stighækkandi þar sem tímagjaldið hækkar sem nemur:

- 10% eftir 24 tíma vistun, tími 25 – 28 kosta 699 kr/klst
- 12,5% eftir 28 tíma vistun, tími 29 – 32 kosta 786 kr/klst
- 15% eftir 32 tíma vistun, tími 33 – 36 kosta 904 kr/klst
- 20% eftir 36 tíma vistun, tími 37 – 40 kosta 1084 kr/klst

Fjöldi tíma á viku:	Vistunargjald:
20	12.700
21	13.335
22	13.970
23	14.605
24	15.240
25	15.939
26	16.638
27	17.337
28	18.036
29	18.822
30	19.608
31	20.394
32	21.180
33	22.084
34	22.988
35	23.892
36	24.796
37	25.880
38	26.964
39	28.048
40	29.132

3.gr.

Fæðisgjöld:

Morgunverður	á mán	2.900 kr.
Hádegisverður	á mán	6.500 kr.
Nónhressing	á mán	2.700 kr.



4.gr.**Afslættir:**

Einstæðir foreldrar: 30% afsláttur

Systkinaafsláttur er veittur ef 2 börn eða fleiri eru í vistun í leikskólanum:

Systkinaafsláttur af öðru barni: 30% afsláttur

Systkinaafsláttur af þriðja barni: 75% afsláttur

Systkinaafsláttur reiknast alltaf á elsta barn, þ.e. yngsta barn greiðir alltaf fullt gjald.

Öryrkjar fá 15% afslátt af almennum gjöldum, 30% afsláttur er gefinn ef báðir foreldrar eru öryrkjar.

Afsláttur reiknast eingöngu af vistunargjaldi.

Afslættir reiknast eingöngu af vistunargjöldum og getur hver greiðandi eingöngu fengið afslátt skv. tveimur af ofangreindum afsláttarliðum. Námsmenn skulu staðfesta með vottorði frá skóla um skólavist á hverri önn. Öryrkjar þurfa að leggja fram gögn til staðfestingar örorku og er miðað við 75% örorku. Einstæðir foreldrar skulu framvísa vottorði um fjölskylduhagi frá Þjóðskrá, til staðfestingar á afslætti. Afslættir eru ekki afturvirkir.

5.gr.**Innheimta:**

Leikskólagjöld eru innheimt í 11 mánuði á ári, þar sem öll börn skulu taka 5 vikna samfelldt sumarfrí. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þegar leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa.

Ef barn er í leyfi frá leikskólanum í 5 virka daga samfelldt á öðrum tíma en í tengslum við sumarlokun geta foreldrar óskað eftir niðurfellingu á fæðisgjöldum á meðan á leyfinu stendur. Sækja skal um niðurfellinguna hjá leikskólastjóra tveimur vikum áður en fríð er tekið.

Ef barn er veikt í samfelldt 5 virka daga eða lengur er fæðiskostnaður dregin frá næsta útgefna reikning.

Ef barn er veikt í samfelldt 3 vikur eða lengur er helmingur dvalargjalds endurgreiddur gegn framvísun lækisvottorðs.

6.gr.**Gjald fyrir auka tíma og fleira:**

Gjald fyrir aukatíma ef barn er ekki sótt á réttum tíma, greiðist 1.808 kr.

Gjaldið reiknast eftir að liðnar eru 5 mínútur eftir að vistunartíma lauk.

Framlínufólk er undanskilið þessari grein.

Kaupa verður fæði (hressingu) fyrir barnið á þeim tíma sem sótt er um.

7.gr.**Gildistími:**

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. janúar 2026

8. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 29. janúar 2026.

